

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

Haustsýning félags íslenzkra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum hefur nú staðið yfir hátt á aðra viku og um næstu helgi eru síðustu forvöð að fá yfirlit yfir margt það helzta sem ungr og aldnir á myndlistarsviðinu eru að glíma við um þessar mundir. Þessar árvissu sýningar hafa oft verið, og eiga að vera, helzti myndlistarviðburður ársins og um þær á að standa nokkur styrr, því að annars missa þær marks og verða eftirbátar slíkra sýninga í öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum, a.m.k. að því er fjörugar og skeleggar umræður snertir um stöðu og tilgang nýlista og myndlistar yfirleitt, þar sem leitast er við að koma sem flestum gildum viðhorfum á framfæri og engin kynslóð annarri réttærri í ljósi aldurs. Nútímalist skilgreinist öll list sem gerð er á vorum dögum og gild getur talizt, þ.e. hrærir við einhverju með okkur, og ekki telst hrein og lítilsgild söluvara. Þó hafa þeir nokkuð til síns máls, sem álita að „sýnishorn“ slíkrar listar gæti átt erindi inn á haustsýningu, eða öllu frekar að útitekt á öllu því sem sýningarnefnd hafnar mætti koma fyrir sjónir almennings á sérstakri sýningu. Slíkt þjónaði lýðræðinu og almenningur gæti þá haft samamburð og dæmt. Geta þess má, að slíkt hefur verið gert af óánægðum, t.d. í Osló og Khöfn, en þar nemur tala þeirra er ekki komast að á haustsýningar allt að þúsund eða meir.

En að sjálfsgöðu er það meginmark haustsýninga að ná saman sem sterkustu úrtaki og þær eiga ekki að vera neins konar málverkamarkaðir götunnar og þetta eiga allir að geta skilið er til þess hafa vilja. Menn verða líka að gera sér þá ljóst, að öllum sýningarnefndum verða á einhver mistök, slíkt er nær óhjákvæmilegt og eru þar um ótal sagnir, hvar svo sem slíkar sýningar eru haldnar á jarðkringlunni. En það er með þessi mistök líkt og t.d. mistök læknanna, að þau eru frekar tíuðuð en þeirra lofsverðu afrek. Þeim mönnum hefur verið hafnað sem síðar urðu heimsfrægir listamenn, einnig hálarðum prófessorum fagurlistaskóla. Alla myndlistarmenn getur hent að gera laklegar myndir, hve góðir listamenn sem þeir annars eru, söngvarar eiga sínar lægðir svo er og um aðra hljómlistarmenn. Farsælast mun þá að taka sér hvíld og athuga sinn gang. Þannig eiga nöfn manna ekki í öllum tilvikum að veita aðgang til sýningar myndverka heldur sjálf verkin.

Hér vil ég taka það fram, að ég hef á hverju ári reynt að útlista tilgang haustsýninga, svo sem hann kemur mér fyrir sjónir á alþjóðavettvangi, til glöggvunar og til að reyna að koma í veg fyrir að þröng sjónarmið nái hér undirtekum.

Haustsýningar eru einmitt kjörinn vettvangur til umræðu um myndlist, því að útilokað er að færa fram einungis einhæfa nafnapulu um framlag einstakra, þótt það í sjálfu sér hafi einnig tilgang, mætti t.d. vera inntak formála sýningarskrár ásamt greinargerð, stefnumörkum og tilhögun sýningarnefndar, — auk kynningar á nýliðum. Að þessu sinni er það fyrst sem form sýningarskrár gæti leyft slíkt framtak og er um framför að ræða, því að skráin á fyrst og fremst að vera skýrsla og heimild um sýninguna ásamt myndum af verkum á sýningunni, allt annað heyrir til fréttapjónustu líðandi stundar. Þá gefur veggspjald, „plakat“, sýningarinnar alranga mynd um hana og verður að teljast fráleit

Eitt af glæsilegustu verkum á Haustsýningunni er þessi mikla mynd Ásgerðar Búa-dóttur „Skarðatungi“ (117)

hugdetta í ætt við hugmyndafræðilega list, sem ekki er til staðar á sýningunni. Um þessi tvö atriði virðast allir þeir sammála, sem ég hef rætt við.


Í áratugi hafa það verið bæði skráð og óskráð lög varðandi sýningar, að sýna helzt ekki eldri myndir en 5 ára, og aðalregla að sýna einungis myndir er ekki hafa verið sýndar áður á Reykjavíkursvæðinu. Reynt hefur verið að viðhalda þessari hefð svo sem kostur hefur verið, en í einstaka tilviki hefur þó orðið misbrestur hér á, en slík mistök eru fátíð og á viðkomandi myndlistarmaður jafnan sökina. Eðlilegt væri þó að gera hér undantekningu ef mynd hefur verið breytt, og mun það hafa verið gert en þó valdið misskilningi. Í ár hefur í þessu efni orðið misbrestur, t.d. voru verk einnar listakonunnar (Marfu Ólafsdóttur) á eigin sýningu hennar í Norræna húsinu fyrir nokkrum mánuðum. Slíkt sem þetta getur ekki gengið, og listamennirnir ásamt sýningarnefnd hverju sinni verða að gera sér ljóst að þetta rýrir nýgildi sýningarinnar, — gestir koma fyrst og fremst á haustsýningar til að sjá ný og fersk verk, er þeir hafa ekki borið augum áður, — allt annað telja þeir vanefndir og brot á viðtekinni reglu. Hins vegar er t.d. misskilningur að mynd Ágústs Petersen, af Gylfa Gíslasyni, hafi verið sýnd áður, því hér mun um að ræða nýja útgáfu hins myndræna andlits.

Áberandi er hve stór og litrík verk njóta sín vel á þessari sýningu, en hin smærri iðulega síður. Ópið sýningarrými kallar á kröftugar myndir. Notkun skilríma er þannig í lágmarki, og er hér illt í efni, því ekkert réttlætir þá ályktun að slíkar myndir séu öðrum betri eða réttærri. Allar myndir eiga skilyrðislaust rétt á því að fá að njóta sín til fulls og ég vek athygli á að mikill hluti af perlum heimslistarinnar eru í meðalstærð og margar langt þar undir, sbr. myndir Vermeers. — Hér virðist koma fram óbein hvatning til myndlistarmanna um framleiðslu litríkra risamynda, og kæmu þær þá vafalítið bezt út á næstu sýningu er roguðust inn með sem stærstar myndir og í öllum regnbogans litum! — Það hlýtur að vera jafn nauðsynlegt að sjá fyrir þörfum minni mynda eins og þeirra stóru, ef ekki skal fyrst og fremst horft til metramáls og litagleði.

Athyglisvert er einnig að sjá hvernig gallar hússins eru dregnir fram, t.d. lýsingin, því ekki minnst ég þess að hafa séð skuggana fara jafn hrapalega með myndir sem að þessu sinni, en trúlega á sýningarnefndin hér ekki alla sök á. Þá er tótleikinn áberandi þegar inn er komið í ganginn, og glermyndir Eyborgar Guðmundsdóttur eiga alls ekki heima í rökkriinu. Hins vegar nýtur kross hennar sín ágætlega með ljósaflóð að baki. Þá gefur kassalöguð bygging tilefni til aukinnar fjölbreytni, svo sem áður er vikið að um skort á skilríkum.

Við þurfum að sjálfsgöðu að aðlaga okkur eigin aðstæðum og getum ekki ætlað til þess, að almenningur hér kunni að meta upphengingar líkt og þær gerast sumstaðar erlendis, og þykir þar e.t.v. eina rétta stefnan. Er því vænlegast að koma, a.m.k. að einhverju leyti, á móts við almennung með líflegri og fjölbreyttri

Vatnslitamyndir Eiríks Smith hafa vakið mikla athygli einkum nr. 18, „í fjöru“



Haustsýning F.Í.M. 1976

